

## **Grunnþjónusta á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga**

Hinn 10. október sl. sendu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá sér yfirlýsingu um aukið samstarf vegna stöðu efnahagsmála. Í yfirlýsingunni segir meðal annars:

*Tryggja verður að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki, þrátt fyrir tekjusamdrátt og kostnaðarhækkanir. Sveitarfélögin gegna afar mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustunni á sviði fræðslu- og félagsþjónustu sem á tímum sem þessum er nauðsynlegt að njóti forgangs.*

Í yfirlýsingunni felst hvatning til sveitarfélaga um að þau endurskoði fjárhagsáætlanir sínar og geri aðgerðaáætlanir þar sem forgangsröðun verkefna miði að því að treysta stöðir grunnþjónustunnar.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í nóvember sl. kom fram í máli margra að nokkuð vanti upp á sameiginlegan skilning á því hvað hugtakið „grunnþjónusta sveitarfélags“ nákvæmlega þýðir. Lýsti formaður því yfir í lok ráðstefnunnar að Samband íslenskra sveitarfélaga muni leitast við að skilgreina hana.

Þessar leiðbeiningar eru settar fram til að bregðast við þessum óskum og til að aðstoða sveitarstjórnir við það vandasama úrlausnarefni sem þær standa nú frammi fyrir að laga félagsþjónustuna að nýjum aðstæðum og mæta aukinni þjónustupörf um leið og sveitarfélögin eru að verða fyrir verulegum tekjusamdrætti.

## **Útgjöld sveitarfélaga vegna félagsþjónustu**

Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2007 verja sveitarfélögin tæplega 12 ma.kr. til félagsþjónustu. Kostnaður á íbúa er mjög breytilegur eftir sveitarfélögum sem endurspeglar mishátt þjónustustig. Reykjavíkurborg er með langhæsta kostnað á íbúa, 58 þús.kr. Næst kemur Blönduós bær með rúmlega 42 þús.kr. á íbúa. Lægstur er kostnaðurinn tæplega 8.000 kr. í þremur sveitarfélögum með færri en 500 íbúa. Í þeim stærðarflokki sveitarfélaga eru þó 9 af 31 með kostnað um og yfir 30 þús.kr. á íbúa. Meðaltalskostnaður þeirra fjögurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem koma næst Reykjavíkurborg í íbúafjölda, er rúmlega 23 þús.kr. á íbúa. Rekstrarkostnaður skiptist sem hér segir:

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	<i>Brúttó kostnaður</i>	<i>Nettó kostnaður</i>
Sameiginlegir liðir	<b>4.299.504</b>	<b>3.766.892</b>
Félagsleg aðstoð	<b>4.545.165</b>	<b>3.545.421</b>
Þjónusta við börn og unglinga	<b>1.245.491</b>	<b>1.149.262</b>
Þjónusta við aldraða	<b>2.970.174</b>	<b>1.544.620</b>
Þjónusta við fatlaða	<b>1.874.500</b>	<b>533.291</b>
Ýmis félagsþjónusta, s.s. áfengis- og vímuvarnir	<b>598.782</b>	<b>484.023</b>
Ýmis lögbundin framlög (bjargráðasjóður, orlofssjóður húsmæðra, varasjóður húsnæðismála)	<b>83.698</b>	<b>83.698</b>
Ýmsir styrkir og framlög	<b>844.531</b>	<b>844.531</b>

## **Grunnþjónusta skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991**

Samkvæmt félagsþjónustulögum hafa sveitarfélög víðtækar skyldur til að veita íbúum sínum, sem á þurfa að halda, félagsþjónustu. Þar sem löggin eru rammalög hafa sveitarfélög hins vegar svigrúm til að skipuleggja sjálf á hvern hátt þau veita þjónustuna svo framfarlega sem þau fylgja markmiðum laganna. Í lögum er kveðið á um ákveðna þjónustuþætti sem veita á og það er ótvírætt að þeir fela í sér grunnþjónustu sem sveitarfélög geta ekki vikið sér undan að veita þeim sem þurfa á henni að halda. Þessir þjónustuþættir eru:

- Félagssleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Félagssleg heimaþjónusta
- Aðstoð í húsnæðismálum

Í lögum er einnig kveðið á um sérstakar skyldur við ákveðna hópa sem eru taldir þurfa á sérstakri vernd og þjónustu að halda. Sérlæg, þ.e. barnaverndarlög, lög um leikskóla, lög um húsnæðismál og lög um málefni fatlaðra, kveða nánar á um skyldur sveitarfélaga gagnvart þessum hópum. Þessar skyldur teljast líka til grunnþjónustu og eiga við um

- börn og unglinga
- fatlaða
- aldraða
- áfengis- og vímuefnasjúka

Lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga eru orðin 17 ára gömul. Lögin hafa ekki sætt breytingum til samræmis við breytingar á öðrum lögum og þróun velferðarþjónustunnar. Sum ákvæði félagsþjónustulaganna eru því orðin úrelt, eins og ákvæðið um gæsluvelli og ákvæðin um leikskóla hafa ekki heldur fylgt þróun laga um leikskóla. Ennþá eru í lögunum ákvæði um að sveitarstjórnir eigi að annast atvinnuleysisráningu og vinnumiðlun enda þótt þau verkefni hafi verið færð til ríkisins fyrir 11 árum. Ákvæðin um áfengissjúka og vímuegjafavarnir, eins og það er orðað í lögunum, eru heldur ekki í takt við þróun þessara mála.

### Réttur til félagslegrar grunnþjónustu og inntak þjónustunnar

#### *Almennt*

Sveitarfélög hafa svigrúm til að meta og setja reglur um hverjir eiga rétt á félagsþjónustu og hvert þjónustustigið eigi að vera. Ákvæði 1. og 12. gr. laga um félagsþjónustu eru almennt til leiðsagnar í þeim efnum að því leyti sem ekki er kveðið sérstaklega á um það í einstökum lagaákvæðum:

#### **1. gr.**

*Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpur. Skal það gert með því*

- a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,*
- b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,*
- c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,*
- d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.*

*Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpur.*

#### **12. gr.**

*Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.*

*Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.*

Innan ramma þessara lagagreina geta sveitarfélög metið út frá staðbundnum aðstæðum og viðhorfum hvert þjónustustigið eigi að vera, hverjir eigi rétt á þjónustu og hvaða þjónustuúrræði eigi að leggja áherslu á, í viðbót við hina lögskyldu þjónustupætti sem gerð var grein fyrir í kaflanum hér næst á undan. Það er ljóst af 2. mgr. 12. gr. að sveitarfélagi er annars vegar skylt að leysa úr vanda sem er til staðar og hins vegar hefur það forvarnaskyldur.

#### *Félagsleg ráðgjöf*

Fjallað er um félagslega ráðgjöf í V. kafla félagsþjónustulaganna. Markmið félagslegrar ráðgjafar á að vera að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg

réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagssleg ráðgjöf á m.a. að taka til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni á að beita í samhengi við aðra félagslega aðstoð og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

Ekki er skilgreint nánar í lögnum hverjir eigi rétt á almennri félagslegri ráðgjöf. Sveitarfélög móta reglur þar að lútandi innan ramma laganna. Í lögnum er ekki kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna þjónustunnar.

### *Fjárhagsaðstoð*

Um fjárhagsaðstoð er fjallað í VI. kafla félagsþjónustulaganna. Í lögnum er lagt til grundvallar að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Réttur til fjárhagsaðstoðar er fyrir hendi ef leitt er í ljós að viðkomandi getur ekki framfært sig sjálfur og greiðslur annars staðar frá duga ekki til framfærslu. Fjárhagsaðstoðin er neðsta öryggisnet velferðarkerfisins. Sveitarfélag hefur ófrávíkjanlega skyldu til að veita fólki, sem á ekki í önnur hús að venda, fjárhagsaðstoð til lágmarksframfærslu.

Sveitarfélög hafa heimildir til að setja reglur um fyrirkomulag og form fjárhagsaðstoðar. Fjárhagsaðstoð getur verið í formi styrks eða láns en greiðslur verða að nægja til lágmarksframfærslu. Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar, sem eru í raun fyrirmynd að reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, og greinargerð með þeim. Sveitarfélög eru ekki bundin af forskrift ráðuneytisins en reglur þeirra þurfa auðvitað að vera í samræmi við lögin.

Í greinargerð ráðuneytisins með leiðbeiningunum er lögð áhersla á að rauður þráður félagsþjónustunnar sé að koma til móts við brýnar þarfir þegar laun og/eða aðrar greiðslur duga ekki til mannsæmandi lífs. Það sé grundvallaratriði að gengið hafi verið úr skugga um rétt fólks og möguleika til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum og að tryggt hafi verið að viðkomandi njóti til fulls þeirra réttinda sem honum ber lögum samkvæmt. Réttur til aðstoðar frá öðrum, svo sem stéttarfélögum skuli einnig hafa verið kannaður. Samkvæmt leiðbeiningunum á að kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Í greinargerðinni kemur fram að í reglum sveitarfélaga þurfi að vera tilgreind lágmarksfjárhæð sem félagsmálanefnd notar við mat á fjárþörf. Í leiðbeiningunum miðast lágmarksfjárhæðin við örorkulífeyri, að viðbættri tekjutryggingu og óskertri heimilisuppbót. Ráðuneytið hefur nýlega uppfært grunnfjárhæðina í samræmi við hækkun neyslúvísitölu í nóvember 2008. Samkvæmt því hækkar grunnfjárhæð einstaklings úr kr. 99.319, miðað við vísitölu í desember 2007, í kr. 115.567. Þessi fjárhæð er til leiðbeiningar og er sveitarfélögum ekki skylt að fylgja henni. Til samanburðar skal tekið fram að grunnatvinnuleysisbætur eru frá 1. febrúar 2008 kr. 136.023. Til viðbótar koma greiðslur með hverju barni kr. 251 á dag. Bóðað hefur verið að grunnatvinnuleysisbætur muni hækka um kr. 13.500 frá 1. janúar nk.

Sveitarstjórn ákveður í reglum sínum hvort veita eigi annars konar aðstoð en beinan framfærslustyrk, s.s. styrk til að greiða kostnað vegna sérstakra útgjalda, sbr. IV. kafla í leiðbeiningum ráðuneytisins. Í greinargerð með leiðbeiningunum kemur skýrt fram að heimildarákvæðin í IV. kafla séu háð mati og sveitarfélögin geti ákveðið að velja úr þau ákvæði sem þau telja eðlilegt að höfð séu með, tekið þau öll með eða sleppt þessum kafla alfarið. Þetta er árétting á því að fjárhagsaðstoð til lágmarksframfærslu er grunnþjónusta en annars konar fjárhagsaðstoð er háð mati.

#### *Félagsleg heimaþjónusta*

Ákvæði um félagslega heimaþjónustu eru í VII. kafla félagsþjónustulaganna. Sveitarfélag skal veita þeim sem búa í heimahúsum, og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu slíka þjónustu. Félagsleg heimaþjónusta er skilgreind sem hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglunga, sbr. 27. gr. Meta á þörf í hverju tilviki. Sveitarstjórn á að setja nánari reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu og heimilt er að taka gjald fyrir þjónustuna skv. gjaldskrá, sbr. 29. gr.

Af þessu er ljóst að félagsleg heimaþjónusta er lögskyld grunnþjónusta en sveitarfélög geta, innan ramma félagsþjónustulaganna, mótað reglur um hverjir eigi rétt til þessarar þjónustu og hvert þjónustustigið skuli vera. Þau geta einnig ákveðið að gjaldtaka skuli vera mismunandi eftir fjárhagslegri stöðu þeirra sem njóta þjónustunnar. Gjaldtaka má þó aldrei vera hærri en sem nemur raunkostnaði.

#### *Húsnæðismál*

Um húsnæðismál er fjallað í XII. kafla félagsþjónustulaganna. Sveitarfélög skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Þau skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Nánar er kveðið á um skyldur sveitarfélaga í húsnæðismálum í húsnæðislögum, nr. 44/1998, og lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Af þessu er ljóst að skyldur sveitarfélaga í húsnæðismálum fara mikið eftir aðstæðum og þörfum í hverju sveitarfélagi. Hins vegar er ótvírætt að sveitarfélögum er skylt, skv. lögum 138/1997, að greiða grunnfjárhæðir húsaleigubóta sem félagsmálaráðherra ákvarðar. Sérstakar húsaleigubætur, sem eru hærri en grunnfjárhæðir kveða á um, eru valkvæðar.

#### Félagsleg grunnþjónusta gagnvart einstökum hópum

##### *Börn og unglingar*

Samkvæmt VIII. kafla félagsþjónustulaganna skal sérstaklega gæta hagsmuna og velferðar barna og unglunga. Um skyldur sveitarfélaga í þeim efnum er nánar

kveðið á um í barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Samkvæmt þeim skulu barnaverndarnefndir (félagsmálanefndir) sveitarfélaga hafa eftirlit með aðbúnaði barna og þeim er skylt að grípa til ráðstafana ef þörf krefur, þ. á m. skulu þær hafa tiltæk stuðnings- og vistunarræði fyrir börn.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. félagsþjónustulaganna skal félagsmálanefnd sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Eftir föngum skal tryggja framboð á leikskólarými á grundvelli mats á þörf. Um leikskóla er fjallað í sérstökum lögum. Samkvæmt núgildandi leikskólalögum, nr. 90/2008, eru þeir skilgreindir sem fyrsta skólastigið. Má því e.t.v. segja að leikskólar séu því ekki lengur hluti af félagsþjónustunni. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út hliðstæðar leiðbeiningar og þessar um forgangsörðun útgjalda til fræðslumála. Þar er fjallað í sérstökum kafla um málefni leikskóla.

Félagsmálanefnd á skv. 34. gr. að annast rekstur gæsluvalla fyrir börn og gefa út leyfi til daggæslu barna í heimahúsum. Þrátt fyrir lagaákvæði um rekstur gæsluvalla hefur þróunin verið sú að sveitarfélög hafa verið að loka gæsluvöllum sínum, þar sem dregið hefur verið úr þörf fyrir þá og foreldrar vilja fremur setja börn sín í leikskóla.

Í félagsþjónustulögnum er ekki beint ákvæði um skyldur sveitarfélaga til að sjá börnum undir leikskólaaldri fyrir dagvistun hjá dagforeldrum eða á stofnunum. Reyndar er ekki kveðið með skýrum hætti á um það í leikskólalögum fyrir hvaða aldurshópa leikskólinn sé ætlaður. Í 1 gr. laganna segir eingöngu að leikskólinn sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Með tilliti til þess að leikskólinn á að vera fyrsta skólastigið í skólakerfinu er þó eðlilegt að sveitarfélög setji lágmarksaldursmörk eins og þau hafa gert í framkvæmd. Það eru eingöngu almenn ákvæði félagsþjónustulaganna sem eru til leiðsagnar um skyldur sveitarfélaga til að sjá börnum undir leikskólaaldri fyrir dagvistun. Sveitarfélög hafa því svigrúm til mats í þessum efnum út frá aðstæðum og þörfum.

Samkvæmt IX. kafla félagsþjónustulaganna skulu sveitarfélög sjá til þess að það sé skipulagt forvarnastarf í unglingamálum. Félagsmálanefnd á að sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á. Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þ. á m. rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

Grunnþjónusta sveitarfélaga við börn og unglina, á grundvelli félagsþjónustulaganna, felst samkvæmt ofangreindu í því að reka barnaverndarstarf í samræmi við barnaverndarlög og sjá til þess að fyrir hendi séu dagleg vistunarræði fyrir börn til að tryggja þeim þroskavænleg upveldisskilyrði. Tómstunda- og forvarnastarf er einnig hluti grunnþjónustunnar en sveitarfélög hafa víðtækt svigrúm til að skipuleggja það starf eftir aðstæðum og þörfum á hverjum stað.

### *Aldraðir*

Sveitarfélög eiga skv. X. kafla félagsþjónustulaganna að stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf svo lengi sem verða má og tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir þá og stofnanþjónustu þegar hennar er þörf. Í því felst að það hvílir ekki ófrávikjanleg skylda á sveitarfélögum að reka dvalarheimili, þjónustuíbúðir eða önnur húsnæðisúrræði fyrir aldraða. Það fer eftir aðstæðum á hverjum stað og mati á þörf. Hins vegar er sveitarfélögum skylt að veita öldruðum heimaþjónustu, aðgang að félags- og tómstundastarfi og sjá þeim fyrir heimsendingu matar. Þetta er sú sértæka grunnþjónusta sem sveitarfélögum ber að veita öldruðum.

Samkvæmt 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, skal heimaþjónusta miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar. Sveitarfélög skulu veita heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Sveitarstjórnir geta ákveðið greiðsluþátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þær veita. Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum. Samkvæmt sömu lagagrein eru þjónustumiðstöðvar aldraðra starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta. Það er ekki sérstök lagaheimild fyrir gjaldtöku vegna þjónustumiðstöðva en í framkvæmd hafa mörg sveitarfélög tekið gjald fyrir einstaka þjónustuþætti.

Mörg sveitarfélög bjóða upp á aksturs- og ferðaþjónustu fyrir aldraða. Það hvílir ekki bein lagaskylda á þeim að gera það en þau líta á það sem þátt í því að fullnægja því markmiði laganna að gera öldruðum kleift að halda sjálfir heimili.

### *Fatlaðir*

Sveitarfélög eiga skv. XI. kafla félagsþjónustulaganna að vinna að því að fötluðum séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Þau eiga að sjá fötluðum fyrir félagslegri heimaþjónustu og leitast við að tryggja þeim hentugt íbúðarhúsnæði. Sértæk búsetuúrræði eru hins vegar á forræði ríkisins skv. lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Samkvæmt 24. gr. laga um málefni fatlaðra ber sveitarfélögum skylda til að gefa fötluðum kost á liðveislu. Liðveisla sveitarfélaga er kölluð félagsleg liðveisla til aðgreiningar frá frekari liðveislu sem ríkið ber ábyrgð á skv. lögum um málefni fatlaðra. Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Samkvæmt 34. gr. laga um málefni fatlaðra skulu sveitarfélög sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti. Sveitarfélög skulu skv. 35. gr. laganna gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Sveitarfélög eiga að setja reglur um hana. Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Jafnframt skulu fatlaðir eiga

rétt á ferðþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar sértækrar þjónustu. Að þessu gættu hafa sveitarfélög heimild til að setja reglur um þjónustustigið. Ríkið ber ábyrgð á ferðakostnaði vegna ferða fatlaðra utan af landsbyggðinni til og frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og til og frá sumardvalarheimili og skammtí mavistun. Það ber ábyrgð á annarri grunnþjónustu gagnvart fötluðum en hér hefur verið gerð grein fyrir.

#### *Áfengis- og vímaefnasjúkir*

Sveitarfélög eiga skv. XIII. kafla félagsþjónustulaganna að hlutast til um að áfengis- og vímuefnasjúklingar fái viðeigandi meðferð og aðstoð og veita aðstandendum þeirra ráðgjöf. Sveitarfélög eiga einnig að stuðla að forvörnum í áfengis- og vímuefnamálum í samstarfi við aðra, s.s. lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

Skyldur sveitarfélaga gagnvart áfengis- og vímuefnasjúkum og aðstandendum þeirra eru fyrst og fremst að veita þeim aðstoð í gegnum sitt almenna félagsþjónustukerfi og vísa þeim á úrræði í heilbrigðiskerfinu. Lýðheilsustöð hefur nú, skv. lögum nr. 18/2003, yfirumsjón með áfengis- og vímuvörnum. Sveitarfélögum ber að starfa með lýðheilsustöð en skyldur þeirra til að skipuleggja forvarnastarf af eigin frumkvæði eru óljósar.

## **Svigrúm sveitarfélaga til að skipuleggja grunnþjónustuna**

Sveitarfélög hafa mjög víðtækt svigrúm til að skipuleggja félagsþjónustu sína í samræmi við staðbundnar aðstæður og þarfir, svo framarlega sem þau gæta þess að fylgja markmiðum laganna. Lagaákvæði standa ekki í vegi fyrir því að sveitarfélög leiti leiða til að hagræða í félagsþjónustunni með skipulags- og rekstrarbreytingum. Hagræðingartækifæri sveitarfélaga liggja fyrst og fremst þar. Þau geta leitað samstarfs við félagasamtök og sjálfbóðaliða um einstaka þjónustupætti og þau geta leitað eftir nánari samstarfi við þjónustustofnanir ríkisins til að samhæfa betur þjónustu ríkis og sveitarfélaga þannig að hægt sé að nýta betur opinbert fé og veita betri þjónustu fyrir minna fjármagn. Þetta er sérstaklega mikilvægt í þeim málaflokkum þar sem þjónusta ríkis og sveitarfélaga skarast svo sem í málefnum aldraðra og fatlaðra og gagnvart bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga.

*Anna Guðrún Björnsdóttir,  
sviðsstjóri Próunar- og alþjóðasviðs  
anna.gudrun.bjornsdottir@samband.is*